



## Fundargerð aðalfundar 2006

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2006 var haldinn í húsakynnum fyrirtækisins að Borgartúni 37 í Reykjavík, 19. maí 2006 kl. 16:00. Mættir voru fulltrúar 7 hluthafa sem eiga samanlagt 79,2% hlutfjár og lögðu þeir fram umboð sín. Fundurinn kaus Gunnar Sturluson, hrl., fundarstjóra, og Margrét I. Ásgeirsdóttur frá Sveitarfélaginu Árborg ritara. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn löglegan.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Hörður Sigurgestsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins.
3. Í umræðum um skýrslu stjórnar og ársreikning spurði Helga Jónsdóttir borgarritari, fulltrúi Reykjavíkurborgar á fundinum, um gjaldskrá Landskerfis bókasafna og gerði Árni Sigurjónsson grein fyrir henni. Þá spurði hún m.a. um ástæður þess að menn gera ráð fyrir verulegri lækkun á hýsingarkostnaði og hvort vænta megi aukareikninga frá hýsingaraðila síðar sem minnkað geti ávinninginn. Hörður Sigurgestsson svaraði því til að lækkun hýsingarkostnaðar í kjölfar hýsingarútboðs tengdist bæði tækniframförum og samkeppni á hýsingarmarkaði, og sagðist hann telja ljóst að ávinningurinn verði umtalsverður, jafnvel þótt einhverjir aukareikningar komi til. Þá gat hann þess að stjórnin muni í haust, þegar innleiðingu kerfisins og uppfærslu í 16. útgáfu ásamt breyttri hýsingu er lokið, fara yfir rekstrarform og verkefni félagsins, en tók fram að ekki væri gefið að sú úttekt mundi leiða til verulegra breytinga á starfseminni. — Að umræðum loknum var ársreikningurinn samþykktur í einu hljóði.
4. Fram kom tillaga um að stjórn félagsins yrði endurkjörin, ásamt varamönnum, og urðu stjórnin og varamennirnir sjálfkjörin. Stjórnina skipa því sem fyrr Anna Torfadóttir, Hörður Sigurgestsson, Karl Guðmundsson og Sigrún Klara Hannesdóttir, en varamenn eru Hulda Björk Þorkelsdóttir og Valur Árnason.
5. Fram kom tillaga um að Ríkisendurskoðun yrði endurkjörin sem endurskoðandi félagsins og varð einnig sjálfkjörið í þá stöðu.
6. Lagt var til að hagnaður af rekstri ársins 2005 gengi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og var það samþykkt.
7. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2006 til aðalfundar 2007 verði óbreytt eða kr. 15.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins. Fundi var slitið kl. 17.00

Gunnar Sturluson

Margrét I. Ásgeirsdóttir